

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. desember 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-45/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 6. maí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 16. maí. Með bréfi, dags. 24. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 6. júní. Með bréfi, dags. 12. júní, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 28. júní. Með bréfi, dags. 15. júlí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir og bárust þær hinn 25. júlí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni, sem rituð er af lögmanni álitsbeiðanda, kemur fram að hinn 3. desember 2011 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.940.000. Var bifreiðin af gerðinni Volvo XC90, árgerð 2003 og greiddi álitsbeiðandi fyrir bifreiðina með annarri bifreið, xx-000 að verðmæti kr. 1.890.000 en eftirstöðvarnar voru greiddar með láni frá viðskiptabanka.

Við kaupin mun álitsbeiðandi hafa skoðað bifreiðina ásamt maka sínum og urðu þau vör við að bifreiðin tapaði krafti þegar gefið var inn auk þess sem viðvörunarljós kviknaði í mælaborði bifreiðarinnar. Sagði seljandi að um væri að ræða lítilsháttar bilun sem hann myndi láta lagfæra áður en gengið yrði frá kaupunum. Fór bifreiðin í kjölfarið á verkstæði þar sem gera átti við súrefnisskynjara. Undirrita átti kaupsamning og afsal hinn 3. desember 2011 en það var ekki gert þar sem bifreiðin var enn á verkstæði. Var því beðið með að ganga frá kaupunum í nokkra daga. Hinn 6. desember var bifreiðin komin af verkstæði og greindi bifreiðasali sá er hafði milligöngu um kaupin frá því að gert hefði verið við súrefnisskynjara í bifreiðinni. Eftir að gengið hafði verið frá kaupunum fór bifreiðin ekki í gang og var því send aftur á verkstæði. Sama dag hringdi seljandi í álitsbeiðanda og lagði það til að hætt yrði við kaupin vegna umræddra verkstæðiferða og þar sem seljandi hafði þegar eytt um kr. 100.000 í viðgerðir á bifreiðinni. Álitsbeiðandi taldi það óþarft þar sem gengið hefði verið frá flestu í tengslum við kaupin. Hinn 9. desember sótti álitsbeiðandi bifreiðina á verkstæðið og þurfti að bíða í um klukkustund meðan lesið var af tölvu bifreiðarinnar. Síðan var álitsbeiðanda tilkynnt að þjófavarnarkerfi bifreiðarinnar hefði verið aftengt og að bifreiðin væri í lagi.

Í byrjun janúar 2012 varð álitsbeiðandi var við það, í kjölfar alþrifa á bifreiðinni, að bílbeltin í aftursætum bifreiðarinnar voru sundurnöguð. Hafði álitsbeiðandi í kjölfarið samband við bifreiðasalann sem hafði milligöngu um kaupin og hafði bifreiðasalinn samband við seljanda og fór þess á leit við hann, fyrir hönd álitsbeiðanda að hann greiddi fyrir ný bílbelti í bifreiðina þar sem um leyndan galla væri að ræða. Þessu mun seljandi hafa hafnað.

Þrátt fyrir þær viðgerðir sem bifreiðin fór í á vegum seljanda við kaupin hélt hún áfram að ganga illa og var bifreiðin send í ýmsar athuganir í kjölfarið. Í maí 2012 kom í ljós að skiptingarbúnaður bifreiðarinnar var haldinn alvarlegum galla. Jafnframt kom í ljós að aldrei hafði verið skipt um súrefnisskynjara í bifreiðinni, líkt og fullyrt hafði verið við kaupin. Í kjölfar þessa leitaði álitsbeiðandi eftir aðstoð þriðja aðila við að gera kröfur á hendur seljanda vegna galla á bifreiðinni með bréfi, dags. 8. júní 2012. Fékk umræddur þriðji aðili svipuð svör og álitsbeiðandi hafði áður fengið, þ.e. að seljandi hefði ekki hug á að taka þátt í kostnaði við að gera við bifreiðina. Leitaði álitsbeiðandi þá til lögmanns. Við athugun lögmannsins kom í ljós að bifreiðin var ekki af árgerðinni 2004 líkt og komið hafði fram bæði í kaupsamningi og skráningu hjá bifreiðasölu, heldur 2003. Lögmaðurinn sendi innheimtubréf til seljanda hinn 20. ágúst 2012 þar sem greint var frá þeim göllum sem á bifreiðinni voru. Hinn 11. september 2012 barst svar frá lögmanni seljanda. Í kjölfarið upphófust sáttavíðræður milli aðila sem lauk hinn 28. febrúar 2013 þegar lögmaður seljanda tilkynnti að seljandi hefði ekki hug á að semja. Í kjölfarið leitaði álitsbeiðandi til kærunefndarinnar.

Álitsbeiðandi tekur fram að bifreiðin sem um ræðir hafi verið keypt á fullu verði og tekið hafi verið tillit til athugasemda álitsbeiðanda við kaupin og bifreiðin send tvívegis á verkstæði áður en hún var afhent álitsbeiðanda. Var bifreiðin þá sögð í mjög góðu ástandi og treysti álitsbeiðandi því að það væri rétt. Bifreiðin hafi síðan reynst haldin verulegum göllum við sölu þrátt fyrir að þeir hafi ekki allir komið í ljós þegar í stað. Álitsbeiðandi furðar sig einnig á því að á afriti seljanda af kaupsamningi og afsali hafi bifreiðasali bætt inn texta sem segir; „kaupandi sættist á að bílinn er á hans ábyrgð eftir afhendingu bílsins.“ en undir slíkan fyrirvara rituðu hvorki álitsbeiðandi né maki hans. Þá sé afrit álitsbeiðanda af kaupsamningi og afsali ekki með slíkum texta. Þetta hafi aðeins komið í ljós við samningaviðræður þegar lögmaður seljanda kom með afrit seljanda af samningnum. Telur álitsbeiðandi að þetta bendi til þess að seljandi hafi vitað um fleiri galla á bifreiðinni en þá sem gert var við í kringum kaupin.

Bílbelti í aftursætum bifreiðarinnar hafi verið sundurnöguð. Seljandi hafi vitað af því og hafi honum borið að láta álitsbeiðanda vita af ástandi bílbeltanna. Varð álitsbeiðandi að láta skipta um bílbeltin og var kostnaður við skiptin kr. 91.864. Neitaði seljandi algjörlega þátttöku í þeim kostnaði. Þá greindi bifreiðasalan rangt frá árgerð bifreiðarinnar, bæði við sölu og á kaupsamningnum. Bifreiðin er árgerð 2003 líkt og fram kemur í skráningarskírteini en ekki 2004 líkt og alls staðar kom fram í öllum samskiptum álitsbeiðanda við seljanda og bifreiðasölu. Verðmunur á árgerðunum nemi árs afföllum sem séu 15% af verði bifreiðarinnar, eða kr. 441.000. Telur álitsbeiðandi að framangreindir gallar falli undir b. lið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Viðvörundarljós í mælaborði sem hafi komið fram í kraftleysi í bifreiðinni hafi að sögn seljanda verið lagað með tveimur ferðum á verkstæði meðan gengið var frá kaupnum. Álitsbeiðandi hafi verið greint frá því að gert hafi verið við súrefnisskynjara en í ljós hafi komið að slík viðgerð hafi aldrei farið fram. Álitsbeiðandi hafi hins vegar þurft að láta skipta um þrjá skynjara en kostnaður við það var kr. 270.746. Þá þurfti að láta lesa af tölvu bifreiðarinnar og skipta um olú vegna kraftleysisins sem ekki lagaðist og nam kostnaður við þann aflestur kr. 57.001. Telur álitsbeiðandi að hér sé um að ræða galla skv. a. lið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup þar sem seljandi hafi ranglega greint frá þeim viðgerðum sem farið hafi verið í og þar með svari söluhluturinn ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi veitti.

Að lokum hafi komið í ljós eftir margs konar athuganir á ýmsum verkstæðum á umræddum gangtruflunum sem skipti á súrefnisskynjara áttu að laga að ástæða þeirra var sú að sjálfskipting bifreiðarinnar var ónýt og þurfti að skipta um hana. Kostuðu skiptin álitsbeiðanda kr. 606.143. Telur álitsbeiðandi ljóst að umræddur galli hafi verið til staðar þegar kaupin fóru fram og hefði álitsbeiðandi ekki mátt búast við slíkum galla á bifreið sem

seld var á fullu verði og sögð í mjög góðu ásigkomulagi. Þá hafi jafnframt komið í ljós að bremsubúnaður og demparar voru ónýtir og nam viðgerðarkostnaður vegna þess kr. 348.446. Telur álitsbeiðandi í ljósi framangreinds að ljóst sé að bifreiðin hafi verið haldin verulegum göllum enda hafi álitsbeiðandi reitt fram kr. 1.374.200 í viðgerðarkostnað frá því kaupin fóru fram. Ástand bifreiðarinnar hafi því verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við að greiða fullt kaupverð fyrir bifreiðina, auk þeirra viðgerða sem framkvæmdar voru af seljanda fyrir afhendingu. Telst slíkt galli sbr. c. lið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Álitsbeiðandi hafi einnig orðið fyrir 55 daga afnotamissi af bifreiðinni á tímabilinu vegna verkstæðaferða. Samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélagi álitsbeiðanda, Z, nemi daglegur afnotamissir kr. 2.200 og sé því um að ræða kr. 121.000. Tjón álitsbeiðanda nemi því kr. 1.936.200 auk lögmannskostnaðar.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi greiði honum skaðabætur að fjárhæð kr. 2.200.000 á grundvelli 40. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Meðfylgjandi álitsbeiðni eru afrit af kaupsamningum ásamt ástandslýsingum, afrit af bréfasamskiptum álitsbeiðanda við seljanda, afrit af upplýsingum um bifreiðina úr ökutækjaskrá, afrit af skoðunarvottorði bifreiðarinnar og afrit af viðgerðarreikningum.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af lögmann hennar, kemur fram að seljandi hafi hringt í álitsbeiðanda áður en bifreiðin var afhent og lagt til að hætt yrði við kaupin vegna verkstæðisferða bifreiðarinnar, en gagnaðili hafi, líkt og fram kemur í álitsbeiðni, mótmælt því. Hinn 9. desember 2011 hafi álitsbeiðandi svo sótt bifreiðina á verkstæðið og var honum þá tilkynnt að bifreiðin væri í lagi. Það liggi því fyrir í málinu að seljandi hafi boðið álitsbeiðanda að rifta kaupunum en álitsbeiðandi hafi hafnað því.

Í skilmálum kaupsamnings og afsals hafi komið fram að ökutækið væri selt í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við. Þá hafi bifreiðasalinn ritað á skjalið eftirfarandi: „Kaupandi sættist á að billin er á hans ábyrgð eftir afhendingu bílsins.“ Bifreiðasalinn hafi greint seljanda frá því símleiðis að þessi setning hans hafi komið þannig til að eftir að seljandi vildi rifta en álitsbeiðandi ekki, hafi seljandi tekið það fram að bifreiðin væri á ábyrgð álitsbeiðanda og hafi álitsbeiðandi samþykkt það.

Seljandi tekur fram að álitsbeiðandi hafi ekki látið söluskoða bifreiðina áður en hann keypti hana líkt og almennt sé ráðlagt áður en notuð bifreið sé keypt. Að því tilefni megi benda á skoðunarskyldu kaupanda skv. lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi sjálfur við skoðun á bifreiðinni haft orð á því að það hefði greinilega verið hundur í bifreiðinni, þar sem það sæist á öryggisbeltum. Hvað varði árgerð bifreiðarinnar, þá komi það fram, m.a. í ökutækjaskrá, að árgerð bifreiðarinnar er 2004 sem sjáist á verksmiðjunúmeri bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi hins vegar verið framleidd árið 2003. Af þeim reikningum sem álitsbeiðandi hafi lagt fram til stuðnings viðgerðarkostnaði á bifreiðinni megi sjá að um svokallað slithluti sé að ræða ásamt eðlilegu viðhaldi. Megi þar nefna olfúskipti, klossa, diska, handbremsuborða og gorma. Algilt sé að skipta þurfi um slíka hluti í notaðri bifreið og teljist þessi viðgerðarkostnaður því til eðlilegs viðhaldskostnaðar. Þá getur seljandi þess að bifreið sú sem hún tók uppí við kaupin þarfnist einnig þarfnast ýmissa viðgerða, svo sem á bremsum, leiðslum og upphölurum, en seljandi hafi talið þetta eðlilegt viðhald og því greitt fyrir þær viðgerðir. Hvað varði viðgerðarkostnað vegna sjálfskiptingar þá segir seljandi að ekkert hafi verið að skiptingunni þegar bifreiðin var afhent.

Seljandi tiltekur að álitsbeiðandi hafi sjálfur tekið ákvörðun um að taka bifreiðina af verkstæði hinn 9. desember 2011 án samráðs við seljanda og því megi telja að hann ætti að sætta sig við ástand bifreiðarinnar eins og það hafi verið á þeim tíma. Einnig hafi álitsbeiðandi

ekki haft samband við seljanda fyrr en viðgerðir þær er hann krefst þess að fá greitt fyrir, hafi verið afstaðnar, en seljandi kannast til að mynda ekki við kraftleysi í bifreiðinni.

Að ofangreindu sögðu mótmæli seljandi kröfu álitsbeiðanda um skaðabætur harðlega enda hafi hún verið í góðri trú þegar hún seldi bifreiðina, bæði hafi hún boðist til þess að rifta kaupunum og þegar því hafi ekki verið tekið hafi hún einnig verið grandlaus um að nokkuð amaði að bifreiðinni. Þá ítrekar álitsbeiðandi þá málsástæðu að álitsbeiðandi hafi ekki sinnt skoðunarskyldu sinni með því að láta söluskoða bifreiðina. Að lokum vill seljandi benda á hvílík fásinna það sé að gerð sé krafa á hendur sér að fjárhæð kr. 2.200.000, vegna sölu á bifreið árgerð 2004 sem ekið var 130.000 km. þegar salan fór fram, fyrir einu og hálfu ári síðan, þegar söluverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 2.940.000.

Meðfylgjandi andsvörum seljanda er afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af tölvupóstum vegna bifreiðarinnar og afrit úr ökutækjaskrá.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram að hann hafi ekki viljað að kaupin gengju til baka þegar seljandi bauð honum það, þar sem þau hefðu verið komin langt á veg bæði innan lánastofnana og bílasölnunnar. Álitsbeiðandi kveðst hafa verið í góðri trú um að bifreiðin yrði í fínu lagi eftir umrædda viðgerð og að í framhaldinu yrði einungis hefðbundið viðhald á bifreiðinni. Ítrekar álitsbeiðandi að handskrifað aukaákvæði í kaupsamningi og afsali sé aðeins að finna í afriti seljanda af skjalinu, en ekki í afriti álitsbeiðanda. Þá kannast álitsbeiðandi ekki við að hafa samþykkt það sem fram kemur aukalega á afriti seljanda af kaupsamningnum, hvorki munnlega né skriflega. Tekur álitsbeiðandi fram að hann hafi ekki talið ástæðu til þess að fara með bifreiðina í sérstaka söluskoðun við kaupin, enda hafi bifreiðin verið nýkomin af verkstæði þar sem hún hafði verið yfirfarin af sérfræðingum og átt að vera í mjög góðu standi.

Álitsbeiðandi mótmælir þeim fullyrðingum seljanda að hann hafi minnst á hunda eða önnur dýr þegar hann skoðaði bifreiðina við kaupin. Þetta sé rangt og ekki hafi verið hægt að sjá ástandið á umræddum beltum þar sem þau voru þannig frágengin að ástand þeirra sást ekki fyrir en bifreiðin var tekin í alþrif. Seljanda hafi hins vegar verið í lófa lagið að upplýsa kaupanda um ástand bílbeltanna og þá staðreynd að hundar hafi verið í bifreiðinni enda geti slíkt skipt máli við kaup.

Álitsbeiðandi gerir einnig þá athugasemd hvað varðar árgerð bifreiðarinnar að í kaupsamningi hafi verið tekið fram að framleiðsluár bifreiðarinnar væri 2004. Bifreiðin hafi hins vegar verið framleidd árið 2003 og skv. skráningu hennar hjá Umferðarstofu og í ökutækjaskrá sé árgerð og framleiðsluár 2003. Það sé því ljóst að bifreiðin var framleidd árið 2003 en álitsbeiðandi hafi talið sig vera að kaupa yngri bifreið. Þá segir álitsbeiðandi að framlagðir reikningar séu ekki vegna eðlilegs viðhalds á bifreiðinni. Olíuskipti á sjálfskiptingu hafi t.d. sérstaklega verið gerð til að kanna kraftleysi bifreiðarinnar, sem síðar hafi komið í ljós að var vegna galla í sjálfskiptingu. Þá hafi verið gert við ýmislegt sem hefði átt að hafa verið lagfært í kjölfar skoðunar á bifreiðinni hinn 15. apríl 2011, rétt um hálfu ári fyrir kaupin, m.a. bremsubúnaði, en álitsbeiðandi telur að þau atriði hefðu átt að vera í lagi nokkrum mánuðum eftir kaupin.

Álitsbeiðandi vísar á bug fullyrðingum seljanda um að hann hafi ekki haft samband við seljanda áður en gert var við þá galla sem hann kvartaði undan sérstaklega, þ.e. vegna bílbelta og sjálfskiptingar. Þvert á móti hafi álitsbeiðandi haft samband við seljanda, með ýmsum hætti, en seljandi hafi alltaf þvertekið fyrir að taka þátt í kostnaði vegna viðgerðanna. Að lokum tekur álitsbeiðandi fram að hann hafi talið sig vera að kaupa góða bifreið og gert sér grein fyrir því að hann þyrfti að sinna einhverju viðhaldi á henni, enda bifreiðin ekki ný. Uppsett verð bifreiðarinnar hafi verið miðað við að hún væri af árgerðinni 2004. Álitsbeiðandi

telur sig því hafa mátt búast við því að þurfa aðeins að sinna hefðbundnu viðhaldi á bifreiðinni, en ekki gera við atriði sem seljandi hefði átt að lagfæra í kjölfar aðalskoðunar á bifreiðinni og verða fyrir tjóni upp á kr. 2.200.000 vegna ýmissa galla sem hafi komið fram á innan við 6 mánuðum frá því kaupin fóru fram.

Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda er afrit af lögmannsreikningi.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda er ítrekað að seljandi hafi boðist til að rifta kaupunum, en álitsbeiðandi hafi bugðist ókvæða við því. Þá hafi álitsbeiðandi ekki látið söluskoða bifreiðina áður en kaupin áttu sér stað líkt og venja sé með notaðar bifreiðar. Seljandi hafi sett bifreiðina á verkstæði til þess að finna út hvað var að og í kjölfarið láta laga það, en „check engine“ ljós var í mælaborði bifreiðarinnar. Hafi komið í ljós að ljósið stafaði af bilun í þjófavörn en þegar seljandi hafi ætlað að sækja bifreiðina hafi álitsbeiðandi þegar verið búinn að því. Seljandi hafi því ekki verið viðstaddur þegar starfsmaður verkstæðisins fullyrti það við álitsbeiðanda að bifreiðin væri í mjög góðu ástandi. Seljandi segist hins vegar hafa verið í þeirri trú að ekkert hafi amað að bifreiðinni eftir viðgerðina og hafi hún ekkert vitað til þess að nokkuð væri að bifreiðinni fyrr en mörgum mánuðum síðar. Hvað varði fullyrðingar um að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi verið í ólagi við kaupin og að kraftleysi hafi háð bifreiðinni, þá kannast seljandi ekki við slíkt og hafnar fullyrðingum um annað. Hafi skiptingin verið í ólagi hefði það ekki átt að leyna sér við akstur bifreiðarinnar og sömuleiðis gangtruflanir og tekur seljandi fram að álitsbeiðandi prufuók bifreiðinni fyrir kaupin. Varðandi fullyrðingar álitsbeiðanda um árgerð bifreiðarinnar vísar seljandi til framlagðra gagna. Segist seljandi heldur ekkert hafa heyrt frá bifreiðasala vegna kvörtunar álitsbeiðanda undan beltum bifreiðarinnar. Bifreiðasalinn hafi aldrei haft samband við sig og hafi hún því ekki vitað af því máli fyrr en henni barst bréf frá álitsbeiðanda í júní 2012.

VII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telji ljóst að gangtruflanir og kraftleysi bifreiðarinnar hafi verið til staðar við kaupin og hafi það verið ástæða þess að bifreiðin fór á verkstæði í fyrra skiptið. Þá ítrekar álitsbeiðandi að hann hafi sinnt tilkynningarskyldu sinni vegna galla á bifreiðinni án ástæðulauss dráttar.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup sbr. 1. gr. laganna en þar segir í 2. mgr. að með neytendakaupum sé átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu. Eiga lögin þannig við í þeim tilvikum er kaup fara fram gegnum milligönguaðila, svo sem bifreiðasala sem hefur atvinnu sína af sölu.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 3. desember 2011 fyrir kr. 2.940.000. Bifreiðin er, skv. því sem segir í kaupsamningi og afsali, árgerð 2004, framleidd s.á. og er fyrsti skráningardagur hennar er 7. febrúar 2008. Bifreiðin var því

samkvæmt þessu rúmlega 7 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 130.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 3. desember 2011, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Álitsbeiðandi hefur kvartað undan nokkrum fjölda atriða hvað varðar umrædda bifreið sem hann telur vera galla. Varðar fyrsta atriðið árgerð bifreiðarinnar og framleiðsluár. Annað atriðið varðar bílbelti. Þriðja atriðið kraftleysi í bifreiðinni sem átti að hafa verið lagfært fyrir kaupin, m.a. með skiptum á súrefnisskynjara sem álitsbeiðandi telur raunar að aldrei hafi farið fram, en kraftleysið reyndist síðan stafa af galla í sjálfskiptingu. Fjórða atriðið varðar viðgerðarkostnað vegna bremsubúnaðar og dempara. Auk þessara atriða gerir álitsbeiðandi kröfu um bætur vegna afnotamissis meðan bifreiðin var á verkstæði vegna viðgerða ásamt lögmanskostnaði.

Hvað varðar árgerð og framleiðsluár bifreiðarinnar þá kemur fram í kaupsamningi og afsali vegna bifreiðarinnar að bifreiðin sé árgerð 2004 og framleidd sama ár. Álitsbeiðandi telur þessar upplýsingar rangar og því hafi bifreiðin ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandinn hafi gefið um hana, sbr. í þessu tilvik c-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Athugun kæruneftdarinnar bendir til þess að bifreiðin hafi verið framleidd á fjórða ársfjórðungi ársins 2003, en nýtt framleiðsluár hefst 1. september ár hvert. Tíundi stafur raðnúmers bifreiðarinnar er fjórir sem bendir til þess að bifreiðin sé raunar af árgerðinni 2004, en sé sem fyrr segir, framleidd síðla árs 2003. Er því uppgefin árgerð í kaupsamningi og afsali rétt, en framleiðsluár er hins vegar rangt skráð. Að mati kæruneftdarinnar er því árgerð bifreiðarinnar rétt skráð og þrátt fyrir að ekki sé farið rétt með framleiðsluár getur

kærunefndin ekki fallist á að upplýsingagjöf seljanda hafi verið svo verulega áfátt hvað þetta varðar að um sé að ræða galla í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna, enda sé það árgerð bifreiða sem ráði frekari gangverði þeirra, frekar en framleiðsluár.

Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að fátt bendi til þess að seljandi hafi vitað að bílbelti bifreiðarinnar hafi verið ónýt eða mjög léleg, né heldur að seljandi hafi verið meðvitaður um að sjálfskipting bifreiðarinnar þyrfti á viðamikilli viðgerð að halda. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi átt sér stað í þessu tilliti og því ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir að fljótlega eftir kaupin, þ.e. við þrif á bifreiðinni, varð álitsbeiðandi var við að bílbelti í aftursætum bifreiðarinnar voru sundurnöguð og því ekki nægjanlega örugg. Lét álitsbeiðandi skipta um öryggisbeltin og nam kostnaður hans vegna þess kr. 91.864. Þá kom í ljós í maí 2012, þ.e. um hálfu ári eftir kaupin, að sjálfskipting bifreiðarinnar var biluð og þurfi álitsbeiðandi að greiða kr. 606.143 fyrir viðgerð á henni. Var seljanda í síðasta lagi tilkynnt um umrædda galla í júní 2012.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefndin telur, að þótt bifreiðin hefði verið skoðuð og metin af óháðum aðila, teljist afar ólíklegt að ástand öryggisbelta hefði orðið vart við þá skoðun. Né heldur telur kærunefndin líklegt að ástand sjálfskiptingar bifreiðarinnar hefði komið fram við slíka skoðun. Kærunefndin telur einnig að m.v. lýsingu á málsatvikum, þ.e. að framkvæmd hafi verið viðgerð á bifreiðinni við kaupin, sem átti að lagfæra kraftleysi, þ.e. með útskiptingu á súrefnisskynjara, bendi slíkt til að þá þegar við kaupin hafi sjálfskipting bifreiðarinnar verið haldin þeim galla er í ljós kom í maí 2012. Skiptir þar engu máli hvort umræddum súrefnisskynjara hafi í raun verið skipt út eða ekki. Bilun á súrefnisskynjara ein og sér veldur ekki kraftleysi í bifreiðum af þeirri tegund sem hér um ræðir. Hins vegar sé líklegra að það ástand sem verið var að reyna að lagfæra með umræddri viðgerð hafi stafað af því að sjálfskiptingin hafi snuðað og stjórnkerfi bifreiðarinnar hafi brugðist við því með því að slökkva á tölvustýringu skiptingarinnar og setja á neyðarstjórnun sem setur skiptingu bifreiðarinnar í annaðhvort 2. eða 5. gír. Slíkt leiði til þess að bifreiðin virðist kraftlaus í akstri. Er það því mat kærunefndarinnar að bifreiðin hafi, hvað varðar ofantalin tvö atriði, verið haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Kærunefndin telur hins vegar að aðrar kröfur sem álitsbeiðandi gerir, þ.e. vegna kostnaðar við endurnýjun á bremsum og dempurum, séu atriði sem eðlilegt sé að skipta þurfi um í bifreið sem hafi verið ekið 130.000 km og sé rúmlega 7 ára gömul. Getur sú staðreynd að bifreiðin hafi fengið aðalskoðun hálfu ári fyrir kaupin engu breytt um það. Á sama við um olíuskipti þau er framkvæmd voru á bifreiðinni, ásamt útskiptingu á skynjurum, slíkt telst vera eðlilegt viðhald á jafn gamalli og mikið notaðri bifreið. Mátti álitsbeiðandi þannig gera ráð fyrir að bifreiðin myndi þarfnast einhverra viðgerða fyrr eða síðar og mátti álitsbeiðandi því jafnframt búast við því að hann hefði ekki afnot af bifreiðinni þegar slíkar viðgerðir eða viðhald stæðu yfir. Verður því að meta kröfu álitsbeiðanda um bætur vegna afnotamissis út frá þeim forsendum.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi gerir kröfu um skaðabætur. Sem fyrr segir liggur fyrir að kostnaður álitsbeiðanda af viðgerð á sjálfskiptingu bifreiðarinnar kr. 606.143 og útskiptingu á bílbeltum kr. 91.864. Þá verður að gera ráð fyrir að álitsbeiðandi hafi orðið af afnotamissi í einhverja daga vegna viðgerðanna. Telur kærunefndin skv. framansögðu að skaðabætur séu hæfilega metnar kr. 500.000 og er þá tekið tillit til þess að nýtt kom í stað notaðs við viðgerðirnar.

Hvað varðar kröfu álitsbeiðanda um málskostnað fyrir kærunefndinni, vill kærunefndin taka fram að málskostnaður er í eðli sínu ekki hluti tjóns heldur kostnaður við að reka mál. Það er ekki á verk- eða valdsviði kærunefndarinnar að leggja fyrir aðila að þeim beiðnum sem kærunefndin fær til afgreiðslu, að greiða gagnaðila málskostnað, jafnvel þótt fyrir liggji að til hans hafi verið stofnað. Af þessum sökum hafnar kærunefndin kröfu álitsbeiðanda að því er málskostnað varðar.

IX

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 500.000

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir